

**47. fundur Samráðsnefndar Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps
haldinn Aðalstræti 63, Patreksfirði, 24. janúar 2017 og hófst hann kl. 17:00.**

Fundinn sátu:

Ásgeir Sveinsson (ÁSV) aðalmaður, Magnús Jónsson (MJ) aðalmaður,
Friðbjörg Matthíasdóttir (FM) aðalmaður, Indriði Indriðason (II) aðalmaður og
Gerður Björk Sveinsdóttir (GBS) verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Friðbjörg Matthíasdóttir,

Jón Örn Pálsson Tálknafjarðarhreppi boðaði forföll.

Dagskrá:

1. HHF - framlag vegna samstarfsverkefnis - 1701029

*Lilja Sigurðardóttir formaður HHF, Páll Vilhjálmsson framkvæmdastjóri HHF og
Kristrím Marínósdóttir gjaldkeri HHF, sátu fundinn undir þessum lið. Rætt um
samstarfssamning HHF, Vesturbyggðar og Tálknafjarðarhrepps. Aðilar eru sammála um
að verið er að vinna afar mikilvægt starf en setjast þarf betur yfir rekstrarforsendur.
Ákveðið að funda aftur í febrúarmánuði.*

2. Minjasafnið á Hnjóti - 1609049

Farið yfir reksturinn á Minjasafninu á Hnjóti með Ingu Hlín Valdimarsdóttur.
*Forstöðumaður minjasafnsins fór yfir rekstur liðins árs og áherslurnar á komandi
mánuðum í framkvæmdum og starfsemi. Aukning hefur verið í viðkomum ferðafólks á
safninu og lítur forstöðumaður björtum augum til sumarsins. Forstöðumanni falið að
leggja fram endurskoðaða fjárhagsáætlun og starfsáætlun fyrir 2017 á næsta fundi.*

3. Samstarfssamningur um almenningssamgöngur - 1609032

Yfirferð á tilraunaverkefni um almenningssamgöngur vegna endurskoðunar um áramót
2016/2017. Gerður Björk Sveinsdóttir verkefnastjóri situr fundinn undir þessum lið.
Gerður Björk Sveinsdóttir kynnti endurskoðaða ferðaáætlun.

4. skipan fulltrúa í svæðisráð fyrir Vestfirði - 1701030

*Gerður Björk Sveinsdóttir er tilnefnd sem sameiginlegur fulltrúi Vesturbyggðar og
Tálknafjarðarhrepps í svæðisráð fyrir Vestfirði.*

**5. Fjórðungssamband Vestfirðinga- framlag til Markaðsstofu Vestfjarða 2017. -
1611045**


*Formaður kynnti afstöðu Vesturbyggðar um að leggja ekki til viðbótarframlag á árinu til
Markaðsstofu Vestfjarða.*


6. Hollvinasamtök Heilbrigðisstofnunar V-Barð - 1609050

*Formaður kynnti málefni styrktarsjóðs heilbrigðisstofnunar V-Barð. og að til stæði að
setja íbúð sjóðsins á Aðalstræti 90 í sölu. Söluandvirði verði ráðstafað til tækjakaupa fyrir
heilbrigðisstofnunina á Patreksfirði.*

7. Önnur mál - 1609051


Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.20:15.


Ásgeir Sveinsson (ÁSV)


Magnús Jónsson (MJ)


Friðbjörg Matthíasdóttir (FM)

Indriði Indriðason (II)


Gerður Björk Sveinsdóttir
(GBS)